

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 19.06.2015

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 19.06.2015

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Fjallskilamál
2. Úthlutun vegagerðar til styrkvega í Skagabyggð
3. Önnur mál

1. Fjallskilamál

Upp hefur komið sú staða að flýta göngum vegna ákvörðunar sveitarstjórnar Húnavatnshrepps vegna fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps og ákvörðun Skagfirðinga og farið verði 5. september viku fyrr en áætlað var en seinni göngur séu á réttum tíma.

Samþykkt var að flýta göngum þrátt fyrir að Fjallskilasamþykkt Austur-Húnavatnssýslu kveði á um að farið sé viku seinna skv. 23. grein. Er það gert til að fylgja aðliggjandi fjallskiladeildum og auðvelda fjárskil.

Sveitarstjórn Skagabyggðar vill að það komi skýrt fram að farið verði eftir Fjallskilasamþykkt Austur-Húnavatnssýslu næstu 7 árin. Og beinum því til annara sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu að gera slíkt hið sama.

2. Úthlutun vegagerðar til styrkvega í Skagabyggð

Vegagerð hefur úthlutað Skagabyggð 1.500.000 til viðhalds styrkvega. Borist hefur beiðni frá Gísla Grímssyni um lagfæringu á vegi að bænum Núpi í Laxárdal.

Ákveðið var að skipta um ristarhlið niður í Kálfshamarsvík og fara í lagfæringu í Laxárdal.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Og fundi slitið.